

Nd.

713. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóvbr. 1907 um vegi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall.

Viðhaldsskylda á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, sem nú hvílir að $\frac{1}{3}$ á Rangárvallasýslu, sbr. 8. gr. vegalaganna stafl. d., skal frá 1. janúar 1914 hvíla að öllu leyti á Árnessýslu.

2. gr.

Þá er flutningabraut er fullgerð eða nokkur hluti hennar, skal stjórnar-

ráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgerður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun. Skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

Áður en afhending fer fram, skal framkvæma skoðunargerð á brautinni eða brautarkaflanum, og tilnefnir stjórnarráðið annau skoðunarmanninn, en sýslunefnd þeirrar sýslu, sem vegurinn liggur í, tilnefnir hinn. Skulu þeir semja nákvæma lýsingu á veginum, og senda stjórnarráðinu, og úrskurðar stjórnarráðið síðan, hvort vegurinn eða vegarkafinn sé fullger, eða skemdir bættar, svo sem hér er fyrirmælt.

3. gr.

Hreppsvegagjald er 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stóðu sem er. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli hærra vera, allt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran mann.

Nafnaskrár yfir verkfæra karlmenn, sem um er rætt í 20. gr. vegalaganna, skulu samdar í októbermánuði ár hvert, og sendar sýslumanni fyrir árslok. Samrit af skránni skal hreppstjóri láta hreppsnefndaroddvita í té fyrir 20. október.

4. gr.

Hver sá maður, sem talinn er í verkfæraskrá, skal greiða hreppsvegagjald í sveitarsjóð. Húsráðandi hver innir gjaldið af hendi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Eindagi gjaldanna er 31. desember ár hvert.

5. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði. Til vegagerðar á hreppsvegum má ekki verja minna fé úr sveitarsjóði en nemur hinu lögskipaða hreppsvegagjaldi. Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sé á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið með hækkun þeirri, sem heimilið er í 3. gr., hrökkvi fyrir henni, og má hún þá greiða það, sem til vantar úr sveitarsjóði, ef meiri hluti gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrétt hafa til hreppsnefndar og fund sækja, samþykkir á lögsmætum sveitarfundi, og sé með þeirri samþykkt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðar úr sveitarsjóði, umfram hreppsvegagjaldið.

6. gr.

Verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfélagið hefir, næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið til vegagerðar í verzlunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hafði til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið ekki lægra en kr. 2,50 á hvern verkfæran mann samkv. 3. gr. þessara laga.

7. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 10. gr., 24. gr., 26. gr., fyrri liður 27. gr., 54. gr. og 55. gr. laga 22. nóv. 1907 um vegi, og önnur þau fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.